

Fimmtudaginn 2. apríl 1998.

Nr. 186/1997. **Lyfjaverslun Íslands hf.**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn

Harald og Sigurði hf.
(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

Verksamningur. Vanhæfi. Dómarar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1997. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst áfrýjandi sýknu af öllum kröfum stefnda, en til þrautavara lækkunar þeirra. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi gerði kröfu um ómerkingu héraðsdóms í áfrýjunarstefnu og greinargerð sinni til Hæstaréttar 5. ágúst 1997. Hún er reist á því, að annar hinna sérfróðu meðdómsmanna í héraði, Gunnar Torfason verkfræðingur, hafi verið vanhæfur til að fara með málið vegna b- og g-liðar 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, þar sem hann hafi verið verkefnisstjóri í upphafi framkvæmda við fasteign áfrýjanda að Borgartúni 7 í Reykjavík á árunum 1990 og 1991, en verið sagt upp störfum vegna ósamkomulags. Hann hafi ekki sætt sig við uppsögnina, og megi því efast um óhlutdrægni hans í máli þessu. Boðaði áfrýjandi, að gögn yrðu lögð fram til stuðnings kröfunni.

Rétt fyrir munnlegan flutning málsins bárust Hæstarétti frá áfrýjanda endurrit fundargerðar af stjórnarfundi Lyfjaverslunar ríkisins 29. nóvember 1991 og yfirlýsing þáverandi formanns stjórnarinnar og forstjóra. Stefndi kom þá á framfæri athugasemdum Gunnars Torfasonar við staðhæfingum áfrýjanda. Kvað hann verklok sín hjá

áfrýjanda í árslok 1991 hafa verið með fullu samkomulagi aðila. Þessi gögn komu fram löngu eftir lok þess frests, sem málsaðilar höfðu til að afla nýrra gagna fyrir Hæstarétti samkvæmt 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 14. gr. laga nr. 38/1994.

Mál þetta varðar verk við raflagnir í húseign áfrýjanda að Borgartúni 6, sem stefndi tók að sér með verksamningi 3. nóvember 1993. Þá voru liðin tvö ár, frá því að meðdómsmaðurinn hætti starfi sínu hjá áfrýjanda við undirbúning endurbyggingar annars húss. Áfrýjandi gerði enga athugasemd við kvaðningu hans til setu í dóminum í júní 1996, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 91/1991. Áfrýjandi hefur ekki fært haldbær rök fyrir fullyrðingum sínum, er lúta að vanhæfi meðdómsmannsins. Verður því hafnað kröfu áfrýjanda um ómerkingu héraðsdóms.

II.

Grein 1.6. í verklýsingu, sem var lögð til grundvallar í verksamningi málsaðila, er tekin upp orðrétt í héraðsdómi, en í henni er fjallað um aukaverk. Í lokamálslið greinarinnar segir berum orðum, að greitt verði 12% álag á efni og vinnu vegna yfirkostnaðar verktaka. Fallist verður á með héraðsdómi, að áfrýjanda hefði borið að taka skýrt fram í samningi, ef ekki átti að greiða álag þetta vegna allra aukaverka stefnda.

Samkvæmt framangreindu átti stefndi rétt á því, að umræddu 12% álagi yrði bætt við reikninga hans vegna aukaverka. Ekki hefur verið hnekkð þeirri staðhæfingu stefnda, að hann hafi snemma á verktímanum haldið fram kröfu um þetta álag á verkfundi, en henni hafi verið hafnað. Þótt stefndi hafi ekki bætt álaginu við reikninga sína jafnharðan eða gert að öðru leyti reka að kröfu um það fyrr en undir lok verksins, verður ekki fallist á það með áfrýjanda, að stefndi hafi glatað rétti til álagsins vegna tómlætis, enda var undangengin neitun áfrýjanda um það óréttmæt og skýlaust brot á verksamningi aðila.

Þrautavarakrafa áfrýjanda um lækkun á kröfum stefnda er á því reist, að 12% álagið geti aðeins bæst við reikninga fyrir efni og eftir atvikum tímavinnu, en ekki aukaverk, sem stefndi hafi gert tilboð í. Samkvæmt sundurliðuðu yfirliti áfrýjanda yfir aukaverk við raflagn-

ir 20. mars 1996, sem hafi ekki verið mótmælt af stefnda, hafi stefndi krafist greiðslu á 330.983 krónum vegna efnis til aukaverka. Krafa áfrýjanda sé því, að honum verði einungis gert að greiða 12% af þeirri fjárhæð, 39.718 krónur. Verði ekki á það fallist, er krafa hans á því reist, að samtala aukaverka samkvæmt yfirlitinu sé 5.329.963 krónur, þegar dregnar hafa verið frá fjárhæðir tveggja umdeildra reikninga, sem um ræðir í héraðsdómi. Af þessu hafi 1.840.687 krónur verið greiddar fyrir tilboðsverk, en 12% af eftirstöðvunum, 3.489.276 krónum, nemi 418.713 krónum. Ýtrasta krafan sé á því reist, að fallist sé á sjónarmið stefnda um framangreinda reikninga, og þá nemi 12% af aukaverkum að frádregnum tilboðsverkum 443.646 krónum.

Svo sem áður segir, var mælt fyrir um það í samningi aðila, að álag yrði greitt bæði af efni og vinnu. Þegar af þeim sökum kemur ekki til álita, að álagið falli aðeins á reikninga stefnda vegna efnis. Stefndi heldur því fram, að tilboð sín í aukaverk hafi ekki breytt því, að áfrýjandi greiddi fyrir þau eftir tímagjaldi, sem ákveðið var fyrir aukaverk í samningi þeirra og umrætt álag átti að bætast við. Áfrýjandi hefur ekki hnekkð þessari staðhæfingu með gögnum varðandi einstök aukaverk, sem stefndi hafi gert tilboð í. Verður þrautavarakrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um tvo reikninga stefnda, sem áfrýjandi telur sér vera óskýlt að greiða að fullu.

Samkvæmt öllu framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem er ákveðinn í einu lagi, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Lyfjaverslun Íslands hf., greiði stefnda, Harald og Sigurði hf., 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1997.**I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 9. janúar sl., var höfðað með stefnu, birtri 5. febrúar 1996.

Stefnandi er Harald og Sigurður hf., kt. 470486-0159, Faxafeni 12, Reykjavík.

Stefndi er Lyfjaverslun ríkisins hf., kt. 430269-4029, Borgartúni 7, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.017.781 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sem hér segir: af 298.627 kr. frá 8. 9. 1994 til 21. 1. 1995, af 350.252 kr. frá þ. d. til 11. 9. 1995, en með dráttarvöxtum frá þ. d. af 1.017.781 kr. til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 27. 12. 1994, að fjárhæð 117.477 kr.

Þá er krafist málskostnaðar skv. mati dómsins eða fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara er krafist lækkunar á kröfum stefnanda.

Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar skv. málskostnaðarreikningi eða að mati dómsins.

II.*Málsatvik.*

3. nóvember 1993 var gerður verksamningur milli aðila máls þessa, þar sem stefnandi tók að sér sem verktaki raflagnir í endurbyggingu á fasteign stefnda að Borgartúni 6, Reykjavík. Nam samningsfjárhæð 16.648.358 krónum.

Stefnandi hafði áður gert stefnda tilboð í verkið, sem miðaðist við útboðsgögn, er stefndi og umboðsmenn hans hjá framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins, síðar Framkvæmdasýsla ríkisins, létu af hendi í framangreindum tilgangi.

Í 1. gr. verksamningsins segir, að gögn, sem þar eru upp talin, skuli teljast hluti samningsins. Eru þar tilgreind m. a. útboðslýsing og útboðsgögn, eins og þau eru greind nánar í grein 0.1.3. í útboðslýsingu. Þau gögn, sem hér skipta mestu máli, eru annars vegar „útboðslýsing – raflagnir“, dags. í júní 1993, og „verklýsing – raflagnir“, einnig dags. í júní 1993.

Í kafla 0.2.16. í útboðslýsingu er fjallað um aukaverk. Þar segir þetta:

Um aukaverk, ef einhver verða, skal semja sérstaklega fyrir fram, og skal hafa hliðsjón af einingaverði í tilboði verktaka, ef unnt er.

Verði samkomulag um, að verktaki vinni aukaverk í tímavinnu, skal verktaki framvísa reikningum fyrir slíka aukavinnu fyrir hvern vinnudag, þar sem skilmerkilega sé tilgreint, hvaða verk hafi verið unnin og af hverjum, ásamt sundurliðuðum efniskostnaði, ef um efnisnotkun er að ræða.

Í verklýsingu um raflagnir segir í grein 1.6.:

Verði samkomulag um, að verktaki vinni aukaverk í tímavinnu, skal nota taxa, sem verktaki býður í tilboði sínu fyrir iðnaðarmenn og verkamenn. Taxtar skulu vera jafnaðartaxtar, og verður ekki greitt aukalega, þótt unnið sé utan dagvinnutíma. Fyrir efni skal greitt samkvæmt fram lögðum reikningum. Greitt verður 12% álag á efni og vinnu vegna yfirkostnaðar verktaka.

Stefnandi gerði tilboð í verkið, að fjárhæð 17.388.358 kr., og var því tekið af hálfu stefnda með breytingu, er laut að heildartímafjölda aukaverka. Í tilboði sínu gerði stefnandi tilboð um eftirfarandi tímataxa í aukaverkum: a) iðnaðarmaður í 300 klst., 1.800 kr. á klst., b) verkamaður í 200 klst., 1.000 kr. á klst. Samtals nam þessi fjárhæð 740.000 krónum.

Í endanlegum verksamningi var tímafjöldi aukaverka tekinn út og tilboðið lækkað um framangreindar 740.000 kr. Hljóðaði verksamningur því upp á 16.648.358 kr. Hins vegar gerði verksamningur ráð fyrir, að áðurgreindir tímataxtar skyldu gilda um þau aukaverk, sem aðilar yrðu ásaðttir um, að ráðist yrði í, sbr. gr. 0.2.16. í útboðslýsingu og gr. 1.6. í verklýsingu.

Meðan á verktíma stóð, var samið um, að stefnandi innti af hendi tiltekin aukaverk. Reikningar vegna þeirra námu samtals 5.562.738 kr., og hafa þeir allir verið greiddir að fullu nema:

reikningur nr. 2613, útg. 8. ágúst 1994, að fjárhæð 298.627 kr., innborgaðar 92.379 kr. 27. desember 1994;

reikningur nr. 2807, útg. 21. des. 1994, að fjárhæð 51.625 kr., innborgaðar 25.098 kr. 27. desember 1994.

Stefndi telur reikning nr. 2613 vera vegna vinnu, sem væri innifalin í sjálfum verksamningnum, sbr. gr. 1.2.5. og 1.3.3. í tilboðsbók, en um var að ræða tengingu raflagna inn á töflu. Hins vegar samþykkti hann að greiða fyrir 50 tíma vinnu við verkið. Stefndi hafnaði jafnframt tveimur liðum í reikningi nr. 2807, sem varða vinnu vegna skemmda, er stefnandi telur, að annar verktaki hafi valdið.

Stefnandi heldur því fram, að snemma á verktímanum hafi komið fram fyrirspurn á verkfundi um það, hvernig háttað yrði greiðslu á 12% álagi vegna vinnu iðnaðar- og verkamanna við aukaverk. Ekkert hafi verið bók- að um þetta á fundinum, og ber aðilum ekki saman um, hvert svarið var við þeirri fyrirspurn.

Stefnandi óskaði eftir álitum Raftæknistofunnar á því, hvernig skilgreina bæri deiluatríðin með hliðsjón af verksamningi aðila. Í álitum stofunnar, dags. 1. mars 1995, var fallist á sjónarmið stefnanda.

Að verkinu loknu krafði stefnandi stefnda um álag á heildarfjárhæð aukaverkanna, og 11. september 1995 sendi lögmaður stefnanda stefnda kröfubréf og krafði stefnda þar um 12% álag á heildarfjárhæð aukaverka, 5.489.980 kr.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar um greiðslu á 12% álagi á reikninga vegna aukaverka á gr. 1.6. í „verklýsingu – raflagnir“, sem hafi verið grundvöllur tilboðs hans til stefnda. Stefnandi hafi af þessum ástæðum ekki haft yfir-kostnað sinn af aukaverkum inni í því einingaverði, sem stefnandi setti fram í tilboði sínu um iðnaðarmenn og verkamenn, þar sem hann mátti vænta þess að geta krafist um álag vegna stjórnunar, þegar af aukaverkum yrði.

Tilboð stefnanda í einingaverð/tímagjald vegna vinnu iðnaðar- og verkamanna hafi því alls ekki haft að geyma stjórnunarkostnað.

Í 3. mgr. 0.1.6. í útboðslýsingu komi fram, að í tilboðum skuli vera innifalinn allur kostnaður vegna viðkomandi verkliðar. Stefnandi líti svo á, að framangreint ákvæði eigi við, ef annað sé ekki tekið fram. Verði því að líta svo á, að gr. 1.6. um aukaverk sé eðli máls samkvæmt undantekning frá framangreindri meginreglu. Verði ákvæðið ekki skilið öðruvísi en svo, að 12% álag eigi að koma til viðbótar því grunnverði, sem tilboðsgjafi, stefnandi, hafi sett fram í tilboði sínu.

Stefnandi fellst ekki á þann skilning stefnda, að 12% álag eigi aðeins við í þeim tilvikum, er þriðji aðili vinni sem undirverktaki í þágu verktaka. Það sé ekki í samræmi við orðalag gr. 1.6. og í andstöðu við eðlilegan skilning á ákvæðinu. Í þessu sambandi athugist, að fyrir verksamningsgerð liggi ekki fyrir magn aukaverka. Af þeim ástæðum sé yfirstjórnunarkostnaður vegna aukaverka ekki þekktur, fyrr en um aukaverk sé samið. Í þessu máli sé sannanlega samið um alls 45 aukaverk, og leiði af eðli málsins, að yfirstjórn og aukareiduhald umfram það, sem gert sé ráð fyrir í verksamningi, sé verulegt. Sanngjarnt og eðlilegt sé, að sá kostnaður verði greiddur skv. útboðsgögnum.

Í þessu sambandi bendir stefnandi á hina svokölluðu „andskýringar-reglu“ í samningarétti, en skv. henni verður að skýra útboðsgögnin stefnda í óhag, þar sem gögnin voru öll samin á vegum hans. Stefnandi bendir á, að hann hafi gert athugasemdir í upphafi verktímans um þennan skilning á gr.

1.6. og stefnda því um það kunnugt. Það, að ekki var bókað um kröfur stefnanda á verkfundum, hafi ekki úrslitaþýðingu í þessu efni, þar sem um vitneskju umboðsmanna stefnanda við eftirlit hafi ótvírætt verið að ræða. Stefnda hafi því verið eða mátt vera það ljóst, að stefnandi liti ekki svo á, að einstakir aukaverksreikningar væru fullnaðargreiðsla. Vísað er til álits Raftæknistofunnar á þessum ágreiningi og tilkynningum hennar til stefnda um kröfur stefnanda. Það sé einnig skilningur Raftæknistofunnar, sem sé hlutlaus og viðurkenndur aðili í sinni grein, að skilningur stefnanda sé réttur miðað við framsetningu útboðsgagna.

Þá bendir stefnandi á í þessu sambandi, að fullyrðingar í bréfi lögmanns Framkvæmdasýslunnar frá 15. nóvember 1995, þess efnis, að kröfur stefnanda um álag raski forsendum fyrir samþykki á aukareikningum, séu fráleitar, enda hvíli þeir reikningar annars vegar á tilboðsverði, 1.800 kr. og 1.000 kr., og hins vegar á vinnuframlagi, sem samþykkt er af eftirlitsaðila skv. dagbókarfærslum.

Stefnandi reisir kröfur sínar um greiðslu á reikningum nr. 2613 og 2807 og á því, að báðir reikningar séu gerðir á grundvelli samninga milli aðila málsins um tiltekin aukaverk. Hafi eftirlitsmaður stefnda samþykkt í dagbók verksins, að vinnuframlag hafi verið í samræmi við reikningsgerðina. Hins vegar sé ágreiningur um það, hvort tiltekin verk skuli teljast algerlega til aukaverka eða einungis að hluta til.

Stefnandi vísar til álitsgerðar Raftæknistofunnar frá mars 1995, en þar komi skýrt fram, að stefndi sé greiðsluskyldur vegna tengingar á eldri strengjum inn á töflur, þar sem ekkert sé minnst á í magntöluskýringum í tilboðsbók, að tengingar strengja skyldu innifaldar í einingaverði töfluefnis. Fyrir aðra vinnu við téða strengi verði stefndi að greiða á grundvelli sömu sjónarmiða. Að mati stefnanda á stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, að sú vinna, sem stefnandi innti af hendi í þessu sambandi, sé annaðhvort hluti verksamnings eða ekki á ábyrgð og kostnað stefnda af öðrum ástæðum.

Að öðru leyti vísar stefnandi til almennra reglna samningaréttar og skyldna samningsaðila í gagnkvæmum samningum til þess að efna samninga eftir meginefni þeirra. Um dráttarvexti vísar stefnandi til III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og til l. nr. 91/1991, að því er varðar málskostnað úr hendi stefnda. Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Heildarfjárhæð aukaverka	kr.	5.562.738
12% álag vegna aukaverks	–	667.529
Reikningur nr. 2613	–	298.627

Reikningur nr. 2807	kr.	51.625
Innborgun	–	–25.098
Innborgun	–	–92.379
Ógr. eftirstöðvar verksamn.	kr.	900.304 (?)

Málsástæður stefnda.

Stefndi telur, að gögn til grundvallar hverjum verksamningi beri að skoða með hliðsjón af verkinu, venjum á markaðnum, sanngjarnri niðurstöðu o. fl. Greinar 0.1.6., 0.1.9. og 0.2.16. í útboðslýsingu og gr. 1.6. í verklýsingu beri með sér, að allur kostnaður skuli innifalinn í tilboði. Það sé ávallt ljóst, að í grunntölum vinnuliða sé innifalinn álagning.

Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi sýnt af sér tómlæti með því að gera ekki við fyrsta tækifæri skilmerkilega grein fyrir því, að hann ætlaði á síðari stigum að krefja um 12% álag á þegar greidda aukareikninga. Aukareikningar séu ólíkir framvindureikningum að því leyti, að ekki sé unnt að taka aukareikninga til endurskoðunar, heldur sé hver aukareikningur lokauppgjör um verkið, nema annað sé tekið fram. Forsendur fyrir samþykki allra aukareikninga séu brostnar, komi stefnandi að kröfu um hækkun þeirra allra, og er gerður fyrirvari að þessu leyti.

Stefndi telur stefnanda skorta sönnun fyrir því, að geymdur hafi verið réttur til kröfugerðar síðar.

Stefndi bendir á, að aðeins tíðkist að greiða verktökum álag, þegar um er að ræða reikninga fyrir efni og vinnu, sem þriðji maður leggur til, t. d. undirverktaki, enda hafi verktakinn þá ekki haft tækifæri til að leggja neitt á slíka reikninga.

Stefndi bendir og á, að umsögn Raftæknistofunnar um málið sé ekki óvilhöll í skilningi einkamálaréttarfars, og beri því að hafna þeirri umsögn, enda ekki sönnunargagn.

Stefndi hafnar reikningi nr. 2613, vegna þess að hann telur, að í tilboðinu hafi verið innifalið að tengja. Ekkert var samið um þessa vinnu fyrir fram, og átti því að hafna henni allri. Hins vegar féllst stefndi á að greiða 50 tíma, en litið var á þann tíma sem sérstaka vinnu við að greiða úr eldri lögnum.

Stefndi hafnar tveimur liðum í reikningi nr. 2807, þar sem hann telur ósannað, að skemmdir hafi orðið af völdum annars verktaka, meðan á verki stóð, enda ætti stefnandi kröfu á þann aðila beint. Þá mótmælir stefndi dráttarvaxtakröfu stefnanda.

Um varakröfuna beri þess að geta, að stefnandi hafi gert tilboð í tiltekna verkþætti á grundvelli útboðsins. Í gögnum málsins komi fram, að 1.840.687 kr. af 5.329.962 kr. séu aukareikningar í samræmi við tilboð. Það fái ekki staðist, að magntölubreytingar, sbr. aukareikning nr. 9, taki á sig 12%

hækkun. Jafnframt megi benda á næturvinnuálag á reikninga nr. 15 og 17. Því sé ljóst, að ef tekið sé undir sjónarmið stefnanda, beri honum einungis 12% af 3.158.292 kr.

Í málinu gaf Harald Ísaksen aðilaskýrslu. Vitnaskýrslur gáfu Theódór Júlíus Sólósson byggingarmeistari, Bjarni Jónsson pípulagningameistari, Torfi Guðmundur Sigurðsson verkfræðingur og Pétur Guðmundsson framkvæmdastjóri.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Aðilar málsins gerðu með sér verksamning, dags. 3. nóvember 1993, þar sem stefnandi tók að sér sem verktaki að leggja raflagnir í endurbyggingu á fasteigninni nr. 6 við Borgartún í Reykjavík. Samningurinn var í samræmi við útboðsgögn og tilboð stefnanda, dags. 20. júlí 1993, með því fráviki, að samningsfjárhæð var 740.000 kr. lægri en tilboð stefnanda, en það er sama fjárhæð og fram kemur í verklíðnum Aukaverk í tilboðsskrá. Íslenskur staðall, ÍST 30, er hluti af útboðsgögnum. Í útboðslýsingu eru tiltekin nokkur frávik frá staðlinum.

Samkvæmt útboðslýsingu hafði framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins (nú Framkvæmdasýslan) umsjón með verkinu fyrir hönd stefnda.

Samkvæmt útboðslýsingu skyldi verkið hafið 3. ágúst 1993 og því vera lokið 25. ágúst 1994. Verkið dróst verulega fram yfir þann tíma, og er síðasti aukaverksreikningur, nr. 45, dags. 1. júlí 1995.

Þar sem um var að ræða breytingar og endurbætur á gömlu húsi, var stefnda ljóst við útboð verksins, að um aukaverk og breytingar á áætluðum magntölum gæti orðið að ræða, enda virðist hafa verið gert ráð fyrir því í útboðslýsingu. Í raun námu reikningsfærð aukaverk miklum hluta af samningsfjárhæð.

Umsjónarmaður stefnda réð Torfa G. Sigurðsson verkfræðing eftirlitsmann með verkinu. Af gögnum málsins og framburði vitna hér fyrir dómi verður ekki annað skilið en hann hafi verið umsjónarmaður verkkaupa samkvæmt skilgreiningu 17. kafla ÍST 30, þ. e. eftirlitsmaður með framkvæmdinni í heild og þá með gæðum, verktíma og fjármálum. Þannig átti hann að vera fyrir hönd verkkaupa við úttekt á verkinu, semja um öll minni háttar viðbótarverk og rita fundargerð verkfunda. Í ÍST 30 segir m. a.:

Nú rís ágreiningur milli verkkaupa og verktaka um verkið, og kveður þá umsjónarmaður verkkaupa upp skriflegan úrskurð innan mánaðar, frá því að annar hvor aðili bað um slíkt. Aðilar skulu þegar í stað hlíta úrskurði umsjónarmanns, og unnið skal áfram að verkinu, þó svo að annar hvor aðili kjósi að áfrýja úrskurðinum.

Eðli máls samkvæmt sá eftirlitsmaðurinn einnig um yfirumsjón og samræmingu verka þeirra verktaka, sem að verkinu unnu samtímis.

Krafa um 12% álag á aukaverksreikninga.

Það er álit dómsins, að orðalag greinar 1.6. í verklýsingu um raflagnir verði ekki skýrt á annan hátt en þann, að stefnda beri að greiða 12% álag á efni og vinnu vegna aukaverksreikninga stefnanda, enda er ekki fallist á með stefnda, að hér sé sérstaklega átt við vinnu þriðja aðila. Til þess ber að líta, að útboðsgögn voru unnin af stefnanda, og hefði honum verið í löfa lagið að haga gerð þeirra þannig, að sem skýrast væri kveðið á um, að 12% álag ætti einungis við um reikninga vegna vinnu eða framkvæmda þriðja aðila, þ. e. undirverktaka, ef ætlun hans hefði verið sú.

Í 16. kafla ÍST 30 er fjallað ýtarlega um, hvernig fara skuli með aukaverk og samninga um þau svo og uppgjör fyrir slík verk. Ljóst er af gögnum málsins og með framburði vitna, að samningsaðilar hafa ekki haldið sig að öllum leikreglum staðalsins um aukaverk og meðferð þeirra. Þannig var t. d. ekki alltaf samið fyrir fram um aukaverk, mótmæli stefnanda um 12% álag á aukaverk ekki bókuð, ágreiningur um þetta svo og ágreiningur um vinnustundafjölda ekki leystur jafnharðan, svo sem gert er ráð fyrir í 16. kafla ÍST 30.

Af framburði vitna, þar með talins umsjónarmanns, er ljóst, að fram kom á fundi í upphafi verktíma spurning um 12% álag á aukaverksreikninga og að því var hafnað. Torfi G. Sigurðsson bar fyrir dóminum, að hann hefði látið undir höfuð leggjast að bóka þessar umræður. Ljóst var engu að síður, að hér var um að ræða ágreining samningsaðila um mikilvægt fjárhagslegt atriði, og leitaði stefnandi m. a. álits Raftæknistofunnar um það. Telja verður, að það hafi verið skylda umsjónarmanns að taka á ágreiningi þessum með úrskurði, þegar hann kom upp. Í því sambandi bar honum viss leiðbeiningarskylda gagnvart stefnanda, teldi hann kröfu stefnanda um 12% álag ekki nægilega skýrlega fram komna af hans hálfu.

Það er álit dómsins, þegar til þessara atriða er lítið, að stefnandi hafi ekki sýnt tómlæti í meðferð þessa þáttar málsins, sem valdi honum réttarspjöllum. Samkvæmt því ber að taka kröfu stefnanda samkvæmt þessum kröfulið til greina að fullu, enda er ekkert í málinu, sem styður þá sundurliðun aukaverka, er stefndi lagði fram og dags. er 20. mars 1996.

Reikningur nr. 2613.

Reikningur þessi, að fjárhæð 298.627 kr., er vegna tenginga á strengjum í töflu og lagfæringar á raflögnum. Um var að ræða aukaverk, sem til komu vegna þess, að verkhluti úr aðalverkinu var felldur niður, en ganga þurfti

frá tengingu og aðlögun þeirra strengja og búnaðar, sem nota átti áfram af eldri búnaði hússins, og fella að nýjum hluta verksins. Engar athugasemdir komu fram um það, hvernig staðið var að niðurfellingu verkhlutans, og er ekki uppi ágreiningur milli aðila um það. Það, að hluta verksins, sem síðan var unnið sem aukaverk, hefði mátt verðleggja með einingaverði úr tilboðsskrá, skiptir hér ekki máli, þar sem önnur uppgjörsleið var valin. Umsjónarmaður stefnda skrifaði upp á dagsskýrslur og skipti vinnustundum upp á verkþætti. Þannig var hann með í stjórnun alls verksins. Hann gerði hvorki athugasemdir við vinnubrögð né notaðan tíma stefnanda. Þegar reikningurinn kom fram, samþykkti umsjónarmaður einhliða hluta af vinnutímum. Dómurinn telur, að umsjónarmanni hafi borið að semja um þetta atriði, áður en verkið var unnið. Það var hins vegar ekki gert. Ber stefndi halla af sönnun á þessu atriði. Samkvæmt því ber að taka til greina þennan kröfulið stefnanda.

Reikningur nr. 2807.

Reikningur þessi, að fjárhæð 51.625 kr., er vegna aukaverks við útskiptingu rofa, sem ofhitnuðu og voru dæmdir ónothæfir af stefnda. Samkvæmt framburði stefnanda, sem hefur ekki verið dreginn í efa, var umræddu verki lokið á föstudagskvöldi og búnaðurinn tilbúinn til notkunar.

Í framburði vitnisins Péturs Guðmundssonar framkvæmdastjóra, sem var með málara sem undirverktaka, kom fram, að skemmdin hefði orðið vegna þess, að lok á rofa hefði verið rangt sett á rofann af starfsmönnum málningarverktaka, þegar verki þeirra lauk í viðkomandi rými umrædda helgi.

Stjórn verkframkvæmdar var í höndum umsjónarmanns. Stefnandi vann lagfæringuna í aukavinnu. Hann á því rétt á greiðslu fyrir þetta aukaverk, enda bar hann ekki ábyrgð á því tjóni, sem varð á rofunum.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að taka dómkröfur stefnanda til greina.

Stefndi greiði stefnanda 260.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur á málflutningsþóknun.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Agli Skúla Ingibergssyni rafmagnsverkfræðingi og Gunnari Torfasyni byggingarverkfræðingi.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Lyfjaverslun ríkisins hf., greiði stefnanda, Harald og Sigurði hf., 1.017.781 kr. auk dráttarvaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 298.627 kr. frá 8. 9. 1994 til 21. 1. 1995 með dráttarvöxtum af

350.252 kr. frá þ. d. til 11. 9. 1995, en með dráttarvöxtum frá þ. d. af 1.017.781 kr. til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun 27. 12. 1994, að fjárhæð 117.477 kr.

Stefndi greiði stefnanda 260.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðis-
aukaskattur á málflutningsþóknun.
